

AUGLÝSING

122

16. sept.

um niðurfærslu aðflutningsgjalda.

Með heimild í athugasemdarákvæðum í upphafi XV. flokks tollskrár hefur ráðuneytið fært niður aðflutningsgjöld af lestarborðum úr alúminíum og alúminíumlegeringum þannig, að gjöldin verði eins og að neðan greinir og varan flokkist eins og hér segir:

Tollskrá:

Kafli. Nr.

		Toll- eining	Vöru- magns- tollur Aurar	Verð- tollur %
66	11d Lestarborð úr alúminíum og alúminíumlegeringum	1 kg	7	8

Ofangrein aðflutningsgjöld skulu innheimt með viðaukum samkvæmt lögum, sbr. lög nr. 85 1957, svo og með 2% tollstöðva- og byggingarsjóðsgjaldi, sbr. 1. gr. laga nr. 85/1957 og 4 a í 3. gr. laga nr. 42/1957.

Fjármálaráðuneytið, 16. september 1958.

F. h. r.

Sigtr. Klemenzson.

Jón Skaftason.

REGLUGERÐ

123

16. sept.

um breyting á reglugerð um hafnargjöld landshafnarinnar í Keflavík og Njarðvíkum, nr. 172 28. okt. 1949.

1. gr.

6. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Skip, sem halda til í höfninni eða hafa uppsátur innan takmarka hafnarinnar og eru minni en 100 rúmlestir brúttó skulu greiða ljósagjald 15 krónur fyrir hvern mánuð. Skip, sem eru skemur greiði 5 krónur fyrir hvern dag, þó aldrei meira en 30 krónur fyrir hvern mánuð.

Öll önnur skip skulu greiða ljósagjald í hvert sinn, er þau koma til hafnarinnar 10 krónur fyrir fyrstu 50 nettó rúmlestir af stærð skipsins og 10 aura fyrir hverja nettó rúmlest þar fram yfir, þó aldrei minna en 10 krónur.

Undanþegin ljósagjaldi eru sömu skip og undanþegin eru lestagjaldi samkvæmt 2. gr. a-lið hér á undan.

2. gr.

15. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Hafnsögugjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá:

- Fyrir leiðsögu til hafnarinnar, 200 krónur fyrir hvert skip, sem er allt að 100 rúmlestir nettó, 80 aurar fyrir hverja nettó rúmlest frá 100 til 3000 rúmlestum og 20 aurar fyrir hverja nettó rúmlest þar yfir.
- Fyrir leiðsögu frá höfninni, 200 krónur fyrir hvert skip, sem er allt að 100 rúmlestir nettó og 40 aurar fyrir hverja nettó rúmlest frá 100 til 3000 rúmlestir og 10 aurar fyrir hverja nettó rúmlest þar yfir.
- Fyrir leiðsögu um höfnina, þar á meðal inn og út úr innri höfninni, greiðist